

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Natriumklorid Fresenius Kabi 9 mg/ml leysir fyrir stungulyf natríumklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækinn eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Natriumklorid Fresenius Kabi og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Natriumklorid Fresenius Kabi
3. Hvernig nota á Natriumklorid Fresenius Kabi
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Natriumklorid Fresenius Kabi
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Natriumklorid Fresenius Kabi og við hverju það er notað

Natriumklorid Fresenius Kabi er tær saltvatnslausn, sem er notuð til að leysa upp eða þynna lyf áður en lyfið er gefið með inndælingu.

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabuð.

2. Áður en byrjað er að nota Natriumklorid Fresenius Kabi

Ekki má nota Natriumklorid Fresenius Kabi:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- Hugsanleg áhætta fer eftir því hvaða lyfi er blandað í Natriumklorid Fresenius Kabi. Vinsamlega lesið fylgiseðilinn fyrir lyfið sem leysa á upp eða þynna. Leitið ráða hjá læknum.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða hjúkrunarfræðingnum áður en Natriumklorid Fresenius Kabi er notað.

Við lyfjagjöf undir húð má ekki bæta neinu lyfi við. Lækinn eða hjúkrunarfræðingurinn mun fylgjast með þessu.

Almennar varúðarreglur

Vinsamlega lesið fylgiseðilinn fyrir lyfið sem leysa á upp eða þynna varðandi frekari upplýsingar um varnaðarorð og varúðarreglur.

Börn

Nýburar geta haft óþroskuð nýru og því haft há gildi natríums í blóði. Lækinn eða hjúkrunarfræðingurinn mun því kanna natríumgildin í blóðinu áður en natríumklóríð er gefið.

Notkun annarra lyfja samhliða Natriumklorid Fresenius Kabi

Látið lækinn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Áður en öðru lyfi er bætt í verður að kanna samrýmaleikann milli lyfsins og natríumklóríðs. Forðast skal að blanda lyfi sem inniheldur alkóhól í natríumklóríðlausnir. Læknirinn eða hjúkrunarfræðingurinn mun sjá um þetta.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum áður en lyfið er notað.

Natríumklóríð má nota á meðgöngu og hjá konum með barn á brjósti svo framarlega sem leiðbeiningum í þessum fylgiseðli sé fylgt.

Akstur og notkun véla

Natriumklorid Fresenius Kabi hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hugsanleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla fer eftir því hvaða lyfi er blandað með Natriumklorid Fresenius Kabi. Leitaðu ráða hjá læknum.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Natriumklorid Fresenius Kabi

Læknirinn eða hjúkrunarfræðingur mun gefa þér Natriumklorid Fresenius Kabi. Þú munt fá það sem inndælingu. Læknirinn mun ákveða hvaða skammt þú eða barnið á að fá og hvenær og hvernig lyfið er gefið. Þetta mun fara eftir því hvaða lyfi er blandað við natríumklóríð.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Natriumklorid Fresenius Kabi er gefið af lækni eða hjúkrunarfræðingi og því er ólíklegt að þú fái of stóran skammt.

Ef þú færð fyrir slysi of stóran skammt mun meðferðin verða stöðvuð tafarlaust og þú munt fá meðferð eftir einkennum sem geta t.d. verið höfuðverkur, ógleði, svimi, uppköst og niðurgangur.

Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Hugsanleg áhætta fer eftir því hvaða lyfi er blandað með Natriumklorid Fresenius Kabi. Vinsamlega lesið fylgiseðilinn fyrir lyfið sem leysa á upp eða þynna.

Natriumklorid Fresenius Kabi getur valdið bláæðabólgu á stungustað (bláæðabólga með segamyndun).

Tilkynning aukaverkana

Látið læknum eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Natriumklorid Fresenius Kabi

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluáðstæður.

Geymsluaðstæður lyfsins eftir opnun eru í kaflanum sem ætlaður er heilbrigðisstarfsmönnum.

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum og öskjunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki skal nota lyfið ef sýnilegar agnir eru í því eða ef umbúðirnar eru skemmdar.

Þegar þessu lyfi er blandað við önnur lyf skal viðhafa smitgát og blanda skal lausnina vandlega.

Upplýsingar um meðhöndlun hettuglasa/lykja eru í kaflanum hér á eftir sem ætlaður er heilbrigðisstarfsmönnum.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Natriumklorid Fresenius Kabi inniheldur

- Virka innihaldsefnið er natríumklóríð.
- Önnur innihaldsefni eru vatn fyrir stungulyf og í glerglösum er natríumhýdroxíð og saltsýra til að stilla sýrustig.

Lýsing á útliti Natriumklorid Fresenius Kabi og pakkningastærðir

Natriumklorid Fresenius Kabi 9 mg/ml leysir fyrir stungulyf er jafnþrýstin, sæfð og án sótthitavalda, tær og litlaus lausn án sýnilegra agna.

Pólýprópýlen lykjur

20 x 10 ml 20 x 20 ml

Pólýetýlen lykjur:

1 x 5 ml 1 x 10 ml
20 x 5 ml 20 x 10 ml 20 x 20 ml
50 x 5 ml 50 x 10 ml

Pólýprópýlen hettuglös:

10 x 100 ml 10 x 20 ml 10 x 50 ml

Glerglös:

20 x 50 ml 20 x 100 ml

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi
Fresenius Kabi AB
Rapskatan 7
751 74 Uppsölum
Svíþjóð

Framleiðandi

Fresenius Kabi España S.A., Vilassar de Dalt, Spánn eða
HP Halden Pharma AS, Svinesundsveien 80, 1788 Halden, Noregur eða
Fresenius Kabi Italy S.r.l., Isola della Scala, Verona, Ítalía

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í mars 2024.

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum:

Samrýmanleiki

Áður en lyfi er bætt í þarf að kanna samrýmanleika Natriumklorid Freseniur Kabi og lyfsins sem bæta skal í. Natríumklóríði má ekki blanda við lyf sem þurfa hátt eða lágt sýrustig fyrir stöðugleika eða leysanleika.

Blöndun með alkóhóli getur aukið leysni natríumklóríðs og skal því forðast.

Skammtar

Skammtar og hraði lyfjagjafar fer eftir því hvaða öðru lyfi er bætt í.


Lyfjagjöf

Til inndælingar.

Meðhöndlun og förgun

Lykjurnar eru einnota. Hugsanlegum leifum í opnaðri lykju skal farga og má ekki geyma til síðari notkunar. Eftir opnun lykjunnar er hægt að komast í „luer-lock“ innstungu sem gerir mögulegt að tengja sprautu án nálar beint við lykjuna. Með þessari hönnun verður til lokað kerfi, sem hvorki lekur né hleypir lofti í gegn.

Til að losa eina lykju frá, snúið henni á móti hinum lykjunum án þess að snerta háls lykjunnar (mynd 1). Hvolfið lykjunni einu sinni eins og sýnt er til að fjarlægja vökva sem hugsanlega er í lokinu (mynd 2). Til að opna lykjuna, snúið lykjuendanum og hinum hluta lykjunnar sitt í hvora áttina þar til hálsinn brotnar (mynd 3). Tengið lykjuna við luer- eða luerlocksprautu (mynd 4).



Viðhafa skal smitgát við íblöndun lyfja og blanda skal lausnina vandlega.

Út frá örverufræðilegu sjónarmiði skal nota lyfið strax eftir að umbúðir hafa verið rofnar. Ef lyfið er ekki notað strax er geymslutími og aðstæður áður en lausnin er notuð á ábyrgð notanda og ætti ekki að vera lengri en 24 klst. við 2 til 8°C, nema að blöndun/þynning hafi farið fram með smitgát við gildaðar aðstæður. Lesið samantekt á eiginleikum lyfs fyrir lyfið sem leysa á upp eða þynna varðandi upplýsingar um hvernig geyma skal og meðhöndla tilbúna lausn.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.